


Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 09		
Dags.: 06.06 2015		
Höfundur: HRS		
Síða 1 af 2		
Námsáætlun DAN212 (Fjarnám)		Vorönn-2016

Kennari	Annette J. de Vink	Sk.st.	AJV
----------------	--------------------	---------------	-----

Námslýsing

Í áfanganum er gert ráð fyrir því að nemendur geti unnið nokkuð sjálfstætt. Almennir og sérhæfðir textar eru lesnir. Byggt er meðal annars á markvissum æfingum sem miða að því að auka tjáskiptafærni nemenda og auka hagnýtan orðaforði í frekara námi eða starfi. Í áfanganum eru unnin hagnýt verkefni og áhersla er lögð á skipulega framsetningu og markvissa málnotkun.

Námsmarkmið

Nemendur geti skilið innihald texta sem fjallar um nokkuð sérhæft efni, t.d. fréttir og fréttatengt efni í dagblöðum og tímaritum. Nemendur geti skilið megininntak talaðs máls m.a. í kvikmyndum. Nemendur geti skrifað texta í samfelldu máli um efni sem búið er að fást við, kunni skil á reglum um uppbygginu texta og hafi vald á reglum um málnotkun. Nemendur geti tjáð sig um efni sem er tengt námsefninu á skiljanlegri dönsku.

Ath. Það er gengið út frá því að þið hafið lært reglur um málnotkun (málfræði) og um framburð í dönsku í fyrri áföngum (DAN102 og DAN202). Það getur verið góð hugmynd að rifja þessar reglur upp. Til þess getið þið notað kennslumyndböndin og málfræðiæfingar í Moodle og einnig málfræðiheftið sem er notað í DAN102 og DAN202 (á Moodle).


Á þessu stigi dönskunámsins er gott að æfa sig að hlusta á talað mál með því að fara t.d. á <http://www.dr.dk> og horfa/hlusta á 'tv-avisen'. Og ég vil einnig benda á <http://www.youtube.com> þar sem má finna (dönsk) lög með Medina, Nick & Jay, Sys Bjerre, Burhan G, Rasmus Seebach og að sjálfsögðu Kim Larsen o.fl. Það er oft hægt að finna texta með lögnum (lyrics)! Svo er hægt að finna gamla þætti eins og Rita, Nynne, 1864 (om krigen i 1864), Lykke, Forbrydelsen, Broen o.fl. á Netflix!

Námsgögn:

1. námshefti DAN212, tekster, opgaver og noveller (á Moodle)
2. **STIKKER** (höf. Steen Langstrup) skáldsaga (*Útg. 2 feet Entertainment, 2003 – fæst í bókabúðum*)
4. Dönsk – íslensk eða dönsk - dönsk orðabók (fæst í bókabúðum)
5. Myndband: Flammen og Citronen (á Moodle)

Námsmat:

Skrifleg próf	Lokapróf (úr textahefti, ásamt ólesnum texta og STIKKER)	40%
	ATH. Nemandi þarf að ná 40% árangri á þessu prófi til að vetrareinkunn reiknist til hækkunnar	
Munnlegt verkefni	Munnlegt verkefni (upptöku skilað til kennara)	10%
Annað	próf úr kvikmynd (5%), 3 próf úr STIKKER (10%) og ævintýri (10%)	25%
Vinnueinkunn	Öll önnur skilaverkefni og próf á Moodle	25%

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 09		
Dags.: 06.06 2015		
Höfundur: HRS		
Samþykkt: HJS		
Síða 2 af 2	Námsáætlun DAN212 (Fjarnám)	Vorönn 2016

Vinnuáætlun

Vika	Námsefni úr heftinu	Stikker(roman)	annað
6	Mandlig au pair	Stikker 1-5	
7	Mie: jeg blev standset...	Stikker 6-10	
8	Enhver kan jo tage fejl (novelle)	Stikker 11-15	Stikker prøve 1-15
9		Stikker 16-20	Flammen og Citronen (film)
10	Eventyret om den grimme Manfred (novelle)	Stikker 21-25	
11	Da Rasmus og Jakob....	Stikker 26-28	Stikker prøve 16-28
12	Barbie-drømmen endte...	Stikker 29-34	
13	En Tornerose uden sko (novelle)	Stikker 34-40	
14		Stikker 41-46	Stikker prøve 29-46
15			Skriv et eventyr
16	Første Jul uden mor (novelle)		
17			Munnlegt prófverkefni
18	Upprifjun fyrir próf		

Í hverri viku liggja fyrir leiðbeiningaskjal, verkefnaskjal og lausnaskjal. Þið eigið að sjálfsögðu byrja á því að lesa leiðbeiningaskjalið vel. Í hverri viku vinnið þið verkefni sem tengjast lesefni í námsheftinu. Nokkur verkefni eigið þið sjálf að fara yfir og þið finnið lausnir í lausnaskjalinu. Stundum eru próf úr lesnum textum og úr völdum málfræði-atriðum á Moodle. Í hverri viku eigið þið að skila verkefni í Moodle (skilaverkefni). Takið eftir að þið hafið hálfan mánuð til að skila verkefninu og það er ekki hægt að skila eftir þann tíma! Reynið þó ávalt að vinna verkefnið í þeirri viku sem þau er sett fyrir!


ATH. Þið eigið að lesa skáldsöguna 'Stikker' sjálfstætt og gott er að lesa reglulega og fylgja áætluninni hér fyrir ofan. Það er einnig sett fyrir í leiðbeiningunum í hverri viku. Kvikmyndin 'Flammen og Citronen' hjálpar ykkur að skilja innihald skáldsögunnar vegna þess að bókin og myndin fjalla um sama efni, andspyrnu-hreyfingu í seinni heimsstyrjöldinni.

ATH. Það er prófað úr skáldsögunni á lokaprófinu.

Með fyrirvara um breytingar,
Annette J. de Vink
annette@vma.is

Dagsetning: 28.01 2016


Undirritun Kennara


Undirritun brautarstjóra, fagstjóra eða staðgengils